

# Fræðslusjóður

## Ársreikningur 2023

Fræðslusjóður  
Skiopholti 50B  
105 Reykjavík

# Fræðslusjóður

## Ársreikningur 2023

### Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til hluthafa og stjórnar Fræðslusjóðs

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fræðslusjóðs fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Fræðslusjóð í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fræðslusjóðs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 14. júní 2024.

**Deloitte ehf.**

Gunnar Þorvarðarson  
endurskoðandi

Ársreikningur Fræðslusjóðs fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Fræðslusjóður var stofnaður í lok ársins 2010 en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Farið er með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Ekkert stöðugildi var hjá sjóðnum á árinu.

Hlutverk Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu

Stjórn Fræðslusjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. júní 2024

Stjórn:

Inga Dóra Halldórsdóttir  
Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir  
Finnbogi Sveinbjörnsson  
Karl Rúnar Þórsson  
Gylfi Jónu Arnbjarnarson  
Margrét Sigurðardóttir  
Heiðrún Björk Gísladóttir  
Hulda Birna Kjærnested Baldursdótt  
Helga Kristín Kolbeins

Framkvæmdastjóri:

Hildur Betty Kristjánsdóttir

## Rekstrarreikningur 2023

<b>Rekstrartekjur</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Framlag frá ríkissjóði .....		899.400.000	829.700.000
Framlag frá Vinnumálastofnun .....		0	39.659.080
(Tekjur umfram gjöld) Gjöld umfram tekjur .....	3	(25.011.977)	11.816.771
		<u>874.388.023</u>	<u>881.175.851</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kennsla og námskeiðahald .....		604.046.035	614.604.136
Raunfærnimat .....		136.643.775	121.043.842
Náms- og starfsráðgjöf .....		138.978.256	120.293.200
Nýsköpunar- og þróunarverkefni í framhaldsfræðslu .....	4	1.000.000	27.378.000
		<u>880.668.066</u>	<u>883.319.178</u>
	<b>Rekstrarafkoma</b>	(6.280.043)	(2.143.327)
<b>Fjáreignatekjur</b>			
Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti .....		6.280.043	2.143.327
		<u>6.280.043</u>	<u>2.143.327</u>
	<b>Afkoma ársins</b>	<u>0</u>	<u>0</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	<i>Skýr.</i>	<b>2023</b>	<b>2022</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	5	74.675.982	119.964.807
Handbært fé .....		103.185.421	44.681.163
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>177.861.403</u>	<u>164.645.970</u>

**Eignir samtals** 177.861.403 164.645.970

## 31. desember 2023

### Óráðstafað fjármagn og skuldir

	<i>Skýr.</i>	<b>2023</b>	<b>2022</b>
<b>Óráðstafað fjármagn</b>			
Óráðstafað frá fyrra ári .....		127.635.970	139.452.741
Tekjur umfram gjöld (Gjöld umfram tekjur) .....	3	25.011.977	(11.816.771)
<b>Óráðstafað fjármagn samtals</b>		<u>152.647.947</u>	<u>127.635.970</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skammtímaskuldir .....	6	25.213.456	37.010.000
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>25.213.456</u>	<u>37.010.000</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>25.213.456</u>	<u>37.010.000</u>
<b>Óráðstafað fjármagn og skuldir samtals</b>		<u>177.861.403</u>	<u>164.645.970</u>



# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sjóðinn

Fræðslusjóður er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Skipholti 50B, 105 Reykjavík. Aðalstarfsemi Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur sjóðsins hafa metið rekstrarhæfi hans og telja að sjóðurinn hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði.

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði.

### Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til sjóðsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum. Eftirfarandi skilyrði þurfa að vera uppfyllt áður en tekjur eru færðar:

#### *Veitt þjónusta*

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru skráðar hlutfallslega miðað við framvindu verksins. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af unnum vinnustundum í hlutfalli af áætluðum heildarvinnustundum verksins. Þegar ekki er hægt að meta útkomu tiltekins samnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

# Skýringar

## 3. Tekjur umfram gjöld (Gjöld umfram tekjur)

Samkvæmt skilmálum Fræðslusjóðs ber samstarfsaðilum sjóðsins að endurgreiða sjóðnum hafi framkvæmd ársins verið lægri en úthlutun sjóðsins.

	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Úthlutað á árinu .....	(956.002.908)	(1.045.214.668)
Endurgreiðslur á árinu .....	74.676.442	161.895.490
Rekstrargjöld .....	<u>(881.326.466)</u>	<u>(883.319.178)</u>
Framlag ríkissjóðs til úthlutunar á árinu .....	899.400.000	829.700.000
Framlag Vinnumálastofnunar til úthlutunar á árinu .....	0	39.659.080
Vaxtatekjur að frádrögnum fjármagnstekjuskatti .....	6.280.043	2.143.327
Rekstrargjöld .....	<u>(881.326.466)</u>	<u>(883.319.178)</u>
Tekjur umfram gjöld (Gjöld umfram tekjur) .....	<u>24.353.577</u>	<u>(11.816.771)</u>

## 4. Nýsköpunar- og þróunarverkefni í framhaldsfræðslu

Á árinu 2023 voru veittar kr. 2.800.000 til 1 verkefnis og voru loka greiðslur að fjárhæð kr. 1.800.000 felldar niður, samtals kr. 1.000.000. Til samanburðar voru á árinu 2022 veittar kr. 29.994.000 til 8 verkefna og voru loka greiðslur að fjárhæð kr. 2.616.000 felldar niður, voru því samtals kr. 27.378.000.

Á árinu rann skipunartími stjórnar út og ný stjórn var ekki skipuð fyrir en á haustmánuðum. Því var ekki starfhæf stjórn þegar úthlutunartímabilið hefði átt að eiga sér stað og úthlutunin í þróunarverkefni á árinu því ívið minni en áður.

	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Austurbrú .....	0	3.300.000
Fjölmennt, símmenntunar- og þekkingarmiðstöð .....	0	3.096.000
Framvegis .....	0	900.000
Næsta skref - Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. ....	2.800.000	0
Fræðslunetið á Suðurlandi .....	(1.800.000)	0
Mímir símenntun .....	0	4.884.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar .....	0	6.498.000
Stoðkennarinn .....	0	2.400.000
TVÍK .....	0	3.000.000
Þekkingarnet Þingeyinga .....	0	3.300.000
	<u><b>1.000.000</b></u>	<u><b>27.378.000</b></u>

# Skýringar

## 5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru vegna verkefna sem hafa ekki verið kláruð en veitt hefur verið fjármagn fyrir.

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Austurbrú ses. ....	1.900.032	2.715.152
Farskólinn-miðstöð símenntunar .....	7.340.089	9.688.361
Framvegis miðstöð símenntunar .....	4.189.649	4.063.167
Fræðslu/símenntunarmiðstöð Vestmannaeyjum .....	3.490.554	10.448.840
Fræðslumiðstöð Vestfjarða .....	5.696.089	14.894.600
Fræðslunetið-símentun ses. ....	2.287.429	4.640.175
Fræðslusetrið starfsmennt .....	424.200	1.525.700
Iðan fræðslusetur .....	24.974.579	34.857.660
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum .....	1.871.745	5.800.300
Mímir-símenntun ehf .....	6.914.555	19.107.332
Rafmennt ehf. ....	4.683.731	5.244.200
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar .....	39.755	759.580
Símenntunarmiðstöð Vesturlands .....	8.285.400	2.771.140
Þekkingarnet Þingeyinga .....	2.578.175	3.448.600
<b>Viðskiptakröfur samtals .....</b>	<b>74.675.982</b>	<b>119.964.807</b>

# Skýringar

## 6. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru komnar til vegna þess að gerðir hafa verið samningar um styrki gegn ákveðnum skilyrðum. Þangað til að þessum skilyrðum er mætt er bókuð skuld í bókum sjóðsins.

Skammtímaskuldir greinast þannig:

	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Austurbrú ses. ....	1.366.000	1.980.000
Farskólinn-miðstöð símenntunar .....	1.980.000	1.980.000
Fjölmennt - Símenntunar og þekkingarmiðstöð .....	929.000	1.858.000
Framvegis miðstöð símenntunar .....	540.000	540.000
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. ....	(36.884)	0
Fræðslunetið-símenntun ses .....	116.848	1.800.000
GoGet ehf. ....	0	660.000
Iðan fræðslusetur .....	2.438.000	3.144.000
Locatify ehf. ....	900.000	900.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum .....	0	1.055.000
Mímir-símenntun ehf. ....	5.760.000	7.047.000
NORTH Consulting ehf. ....	1.980.000	1.980.000
RAFMENTT .....	1.800.000	1.800.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar .....	4.060.448	5.789.000
Símenntunarmiðstöð Vesturlands .....	317.044	714.000
Sólborg Jónsdóttir .....	543.000	543.000
Stoðkennarinn ehf. ....	720.000	1.440.000
TVÍK .....	1.800.000	1.800.000
Þekkingarnet Þingeyinga .....	0	1.980.000
<b>Skammtímaskuldir samtals .....</b>	<b>25.213.456</b>	<b>37.010.000</b>

## 7. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2023.